

*Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir suðr- og vestrundæminu).*50
11ta
desbr.

Þóknanlegu bréfi herra amtmannsins frá 26. oktbr. þ. á., fylgdi erindi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 19. s. m. um, að honum sem umboðsmanni þjóðjarðanna í nefndum sýslum yrði falið á hendr að heimta inn afgjaldið af jörðinni Lundey. Þér hafð um þetta efni tekið fram, að það í sjálfu sér virðist liggja næst, að Lundey væri undir sama umboði og aðrar þjóðjarðir í Gullbringu- og Kjósarsýslu, og að það virðist fremr óeðlilegt, að umboðsmadr læðra þjóðjarða greiði alþingistoll af afgjaldi hennar, þó hann taki ekki við þessu afgjaldi hennar, en að eyjan hins vegar hafi ekki að undanförmu verið talin með jörðum þeim, sem sýslumadrinn í Kjósar- og Gullbringusýslu hefir umsjón yfir, að afgjaldið hafi verið greitt landfógetanum beinlínis, og að hin vanalegu gjaldheimtulaun, $\frac{1}{6}$ partr, hafi eigi verið reiknuð af því.

Eptir að hafa meðtekið ummæli landfógetans um þetta mál, skal eg þjónustusamlega kynna herra amtmanninum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar það, er nú segir:

Eyðieyjan Lundey var eigi meðal þeirra jarða, sem með konungsúrskurði frá 9. maí 1806 voru lagðar undir Kjósar- og Gullbringusýslu umboð. Hún lá upprunalega undir sérstöku umboði, sem kallað var «Lundey, Borgarfjarðar- og Miðdalspartr í Kjós», og hefir nú í yfir 50 ár verið boðin npp til leigu með því skilyrði, að afgjaldið væri beinlínis greitt í jarðabókarsjóðinn. Með því að eyjan eigi þarf sérlegrar umsjónar af hendi umboðsmannsins, og þar sem að landfógetinn hefir engin laun fyrir að heimta inn afgjaldið, virðist ekki vera nein ástæða til að reyna að fá Lundey lagða undir umboð sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, en af því mundi leiða, að landssjóðrinn misti $\frac{1}{6}$ part af hinu arlega afgjaldi hennar. Að því, er snertir alþingistollinn af þessari jörðu, þá á ekki að greiða hann af umboðssjóðnum, en landfógetanum, sem heimtar inn afgjaldið af jörðinni, ber að gjalda hann.

*Bréf landshöfðingjans (til bæjarfógetans í Reykjavík).*51
14da
desbr.

Í bréfi frá 7. f. m. hafð þér herra bæjarfógeti látið fyrir hönd bæjarstjórnariunar það álit í ljósi, að margir annmarkar séu á sameiningu þeirri, sem hefir átt sér stað á bæjarfógetaembættinu hér í Reykjavík við sýslumannsembættið í Gullbringu- og Kjósarsýslu, og að þessi sameining sé mjög óhagkvæm, með því að störf þau, er fylgja þessu embætti, séu svo mörg og örðug, að þau séu einum manni um megn, og með því að störf þau að auki opt og einatt gjöri það nauðsynlegt, að embættismadrinn verði sjálfr að vera við staddir bæði í bænnum og í sýslunni. Bæjarstjórnin hefir því mælt til þess, að eg hlutist til um, að hin nefndu 2 embætti aptr yrðu skilin hvort frá öðru.

Af þessu tilefni skal þjónustusamlega kunngjört herra bæjarfógetanum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir bæjarstjórninni í Reykjavík það, er nú segir:

Í bréfinu eru eigi til færðar aðrar ástæður fyrir því, að sameining embætta þeirra, sem um er að ræða, sé óhagkvæm, en þær, sem voru vel kunnar, þá er stjórnin afreði þessa sameiningu, og þá er herra bæjarfógetinn sótti um embættið. Það leiðir af sjálfu sér, að stjórnin hefir nákvæmlega ihugað þessar ástæður, og að niðrstaðan hefir orðið sú, að þær gætu eigi komið í veg fyrir sameininguna, en hana varð af öðrum ástæðum að álita sérlega hagkvæma, enda voru laun hvers einstaks embættis svo rýr, að þau voru ekki aðgengileg fyrir duglegan embættismann, og það var ekki álitíð ráðlegt að leggja meira af landssjóðnum til launa þessara embætta, en það sem lagt var þá, er þau voru sameinuð. Sá tími, sem liðinn er, síðan embættin voru sameinuð, hefir verið of stutt til að komast að áreiðanlegri niðrstöðu um óhagkvæmni sameiningarinnar, og að því, er

51
14da
desbr.

mér er kunnugt, hefir eigi verið kvartað yfir, að störf hins sameinaða embættis á þessum 4 mánuðum hafi verið vanrækt, þrátt fyrir það, að hinn nýi embættismaðr hafi verið ókunnugr mönnum og högum bæði í sýslunni og í bænum, að skrifstofa hans hafi verið háð hinum sömu vandkvæðum, og loksins að hátíðarhöldin hér í sumar og ýms önnur atvik, sem orsakað hafa bæjarstjórnar-, dómara- og lögreglustörf, er ekki mátti gjöra ráð fyrir, hafi gert embættið örðugra, en það getr verið undir venjulegum kringumstæðum.

Það er sjálfsagt, að sameining embættanna gjörir það nauðsynlegt, að embættismaðrinn haldi reglulega skrifstofu, og hafi að minsta kosti einn fastan skrifara, er geti, þegar embættismaðrinn hefir störf fyrir utan skrifstofu sína, annaðhvort í bænum eðr í sýslunni, á hans ábyrgð afgreitt störf þau, er koma fyrir á skrifstofunni, og það mun, ef þessi skrifari ekki hefir hæfilegleika til að gegna dómarastörfum í forföllum bæjarfógetans, ekki veita örðugt að fá meðal hinna lögfróðu embættismanna, sem eru hér í bænum, mann, er setja megi í forföllum dómarsans til að gegna slíkum störfum.

Skyldi það síðar reynast — en slík reynsla hefir, eins og sagt er, enn eigi getað komið fram — að sameining sú, sem um hefir verið rætt, sè óhagkvæm, og verði það mögulegt að aðgreina embættin án þess að hækka tillagið til þeirra úr landssjóðnum, og gæti þetta, ef til vill, orðið, þegar embættið losnaði, mun það verða nákvæmar ihugað, hvort eigi að framkvæma slíka aðgreiningu.

52
21sta
nóvbr

Bréf biskupsins (til allra prófasta).

Þar eð það því miðr er of almennt, að því er of lengi skotið á frest, að kenna börnum að lesa og láta þau byrja að læra kristindóminn, verðr einatt afleiðingin sú, að þegar þau eru tornæm eða viljalítill, einkanlega þegar þau eru umkomulaus eða sveitarbörn, eru þau lítið komin áleiðis í bóklestri og kristindómsnámi á venjulegum fermingaráldri, en þegar þau hafa náð þessum aldri, er farið að hafa þau til vika og snúninga og annarar vinnu, og bóknámið er látið sitja á hakanum, svo þegar þessir vanræktu unglingar eru 18 ára eða eldri, er sótt um biskupsleyfi til að ferma þá, þó þeir sèu lítt læsir og hafi ekki lært nema nokkuð framan af barnalærdómsbókinni.

Til að reyna að bæta úr þessu, vil eg hér með þenustusamlega biðja yðr, herra prófastr, að skora á sóknarprestana í yðar prófatsdæmi að hafa nákvæmt eptirlit með því í söfnuðunum, að ofangreint hirðuleysi eigi sjer ekki stað, og í því skyni rita í sálnaregistrin, hvernig hvert barn er lesandi og hve langt það er komið að læra, hvort heldur það er Balles eða Balslevs barnalærdómsbók, eins og eg líka treysti því, að þeir láti ekki sitt eptir liggja, að gefa foreldrum og húsbændum nauðsynlega áminningu í þessu efni, sem og að þér, herra prófastr, á visitatíufuferðum yðar vandið um þetta og skoðið vandlega sálnaregistrin í hverjum stað.

Embættismenn skipaðir:

Hinn 2. dag desembermánaðar hefir landshöfðinginn staðfest veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 11. ágúst þ. á., handa sira Guðjóni Hálfðánarsyni fyrir Krossþingaprestakalli með að interim Sigluvík í Rangárvallasýslu.

S. d. staðfesti landshöfðinginn veitingarbréf stiptsyfirvaldanna, dagsett 7. september þ. á., handa prófasti sira Bergi Jónssyni fyrir Ássprestakalli í Fellum.

Hinn 19. dag desembermánaðar skipaði biskupinn settan prófast sira Sæmund Jónsson á Hraungerði til að vera prófast í Árnassýslu.